

Síldarvinnslan hf.
Hafþór Eiríksson
Hafnarbraut 6
740 Neskaupstaður

Reykjavík, 6. janúar 2020
UST201901-309/gf
08.10.02

Varðar reglubundið eftirlit 2019 – fiskimjölsverksmiðja Síldarvinnslunnar á Neskaupstað.

Þann 3. desember sl. fór fram eftirlit í fiskimjölsverksmiðju Síldarvinnslunnar hf. á Neskaupstað. Í samræmi við 57. grein reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit sendist meðfylgjandi eftirlitsskýrsla.

Ábending var gerð um bætta aðstöðu til geymslu á fljótandi efnavörum.

Þrjú frávik frá kröfum í starfsleyfi og reglugerð fundust í eftirliti.

1. Staðfestingu (kvittun) flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skila á spilliefnum.
2. Grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seitn en síðasti skiladagur er 1. maí vegna ársins á undan.
3. Tryggja þarf öruggar mengunar-, árekstrar-, eld-, og slysavarnir við rekstur olíugeyma félagsins.

Umhverfisstofnun óskar í því sambandi eftir tímasettri áætlun um úrbætur á framangreindum atriðum í samræmi við 58. grein reglugerðar nr. 550/2018 og að áætlunin berist stofnuninni eigi síðar en 30. janúar 2020.

Virðingarfyllst,



Gottskálk Friðgeirsson



Halla Einarsdóttir
teymisstjóri

Afrit: Heilbrigðisnefnd Austurlandssvæðis

EFTIRLITSSKÝRSLA

Síldarvinnslan hf. Neskaupstað Neskaupstaður



UMHVERFISSTOFNUN

Dags eftirlits	3.12.2019	Ábyrgðarmaður eftirlits	Gottskálk Friðgeirsson
Fyrirtæki	Síldarvinnslan hf. Neskaupstað	Eftirlitsmaður	Dröfn Svanbjörnsdóttir
Heimili	Hafnarbraut 6, Neskaupstað	Tegund eftirlits	Framselt eftirlit
Kennitala	5702697479	Flokkur	Fiskimjölsverksmiðja
Fulltrúi fyrirtækis	Hafþór Eiríksson	ÍSAT nr.	15.20.7
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	748727,903 526902,195

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik voru staðfest í eftirlitsferðinni er varða, staðfestingu vegna skila á spilliefnum, árekstarvörn við neyslugeymi og skil á grænu bókhaldi.

Ábending var gerð við geymslu fljótandi efnavara hjá fyrirtækinu.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt af Heilbrigðiseftirliti Austurlands samkvæmt samningi þar um. Eftirlitsmaður var Dröfn Svanbjörnsdóttir.

Eftirlitsheimsóknin hófst á fundi með fulltrúa fyrirtækisins. Á fundinum var farið yfir síðustu eftirlitsskýrslu, rætt um starfsemina á árinu, lagnateikningar skoðaðar og rýnt í ákveðnar greinar í starfsleyfi fyrirtækisins. Farið var yfir drög að áhættumati með starfseminni en skv. reglugerð 550/2018 skal Umhverfisstofnun byggja til vettvangsheimsókna sem fellur undir eftirlit stofnunarinnar með kerfisbundnu áhættumati. Niðurstaða áhættumatsins verður notuð sem grunnur við gerð eftirlitsáætlunar 2020. Farið var yfir leiðbeiningar um tilkynningar vegna mengunaróhappa. Að lokum var farið í skoðun um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar.

Í eftirlitsskýrslu vegna síðustu eftirlitsheimsóknar komu engin ný frávik fram. Í kjölfar eftirlits 2017 barst Umhverfisstofnun umsókn þar sem m.a. var sótt um að grein 2.9 í starfsleyfi verksmiðjunar yrði breytt til samræmis við starfsleyfi annarra fiskimjölsverksmiðja og losunarmörk varðandi ryk í útblæstri olíubrennara ættu aðeins við ef hlutfall notkunar olíubrennara færí yfir 3% af keyrslutíma verksmiðjunar. Verksmiðjan er næra eingöngu keyrð á rafmagni og olíukatlar nær einungis nýttir sem varafl. Starfsleyfistillaga er í vinnslu hjá stofnuninni og verður hún auglýst opinberlega þegar hún liggur fyrir.

Engar kvartanir hafa borist vegna stárfssseminnar og engin mengunaróhöpp hafa verið skráð frá því að verksmiðjan var síðast heimsótt. Það sem af er ári hefur verksmiðjan unnið úr rúmlega 85.000 tonnum af hráefni.

Gæðahandbók starfstöðvar sem inniheldur m.a. viðbragðsáætlun og umhverfismarkmið í samræmi við gr. 4.1 og 4.4 í starfsleyfi er endurskoðuð árlega. Áhættugreining verksmiðjunar var uppfærð með starfsmönnum í lok árs 2017 en viðbragðsáætlun er unnin á grundvelli hennar.

Fram kom að nýlega hefði útskipunarlögn fyrir lýsi verið þrýstiprófuð en enn eigi eftir að þrýstiprófa framleiðslulögnina, þ.e. lögn frá verksmiðju út í lýsisgeyma. Til stendur að þykktarmæla lýsisgeyma. Samþyggð sand- og olíuskilja með sýnatökubrunni er staðsett utan lekavarnar lýsisgeyma en fram kom að því lýsi sem fer í hana er safnað ofan í bamba og flatt aftur inn í vinnsluna.

Dagtankur fyrir gufukatla er beintengdur með neðanjarðarlögn inn á birgðageymi á vegum Olíudreifingar sem staðsettur er í lekaheldri þró utar við verksmiðjuna. Fram kom að sú lögn hefði nýlega verið þrýstiprófuð. Frárennslí frá gólfí í olíukatlarými er tengt inn á samþyggða sand- og olíuskilju með sýnatökubrunni.

Þjónustuaðilar sjá um að tæma rotþró eftir þörfum sem og flutning á úrgangsolíu. Staðfesting flutningsaðila fyrir síðustu ár voru ekki fyrirliggjandi hjá fyrirtækinu.

Eftirfarandi gögnum frá síðustu vettvangsheimsókn hefur verið skilað til eftirlitsaðila:

- Grænu bókhaldi var skilað í júní og útstreymisbókhaldi var skilað í apríl sl. vegna ársins 2018. Síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert skv. gr. 3.3 í starfsleyfi.
- Magn mengandi efna í frárennslí var mælt á kolmunnnavertíð í febrúar sl. og samkvæmt skýrslu mældist magn mengandi efna í öllum tilfellum innan losunarmarka.
- TVN gildi er mælt daglega meðan vinnslan er í gangi og niðurstöðum skilað reglulega. Þann 7. og 8. nóvember 2018 mældist TVN yfir viðmiðunarmörkum og var tilkynnt um atvikið í samræmi við gr. 2.9 í starfsleyfi.

Að fundi loknum var haldið í skoðunarferð um verksmiðjuna og athafnasvæði hennar. Eftirfarandi kom fram á vettvangi:

• Hreinsibúnaður (fituskilja) fyrir fitu í verksmiðjunni var skoðaður. Öll fita og föst efni eru tekin til vinnslu í verksmiðjunni.

• Mengunarvarir voru skoðaðar. Fram kom að vegna lýsisóhapps sem varð síðla árs 2017 þegar olíugildran yfirfylltist var farið í það að betrumbæta krana á fráveitulögn lekavarnar lýsisgeyma þannig nú sést vel frá skrifstofu verksmiðjunnar hvort lögnin standi opin eða lokað.

• Efnageymsla verksmiðjunnar var skoðuð ásamt fyrrkomulagi efnavöru inni í vinnusölum. Niðurföll eru í gólfí geymslunnar og vinnusölum en fram kom að þau tengjast beint inn á hreinsibúnað verksmiðjunnar. Hugað er að aðskilnaði efna og starfsmenn hafa aðgang að öryggisblöðum og viðbragðsáætlun.

• Ástand olíugeyma var skoðað. Utandyra á líð starfstöðvar var einn 1.100 L neyslugeymir með díseloliú og þjónustar hann tvo lyftara. Um var að ræða einfaldan stálgeymi frá árinu 2005 merktur Olís. Undirlagið var steypt en árekstrarvörn var ekki fyrir hendi. Fram kom að niðurfall nálægt oliugeyminum tengist inn á hreinsibúnað verksmiðjunnar.

Frávik frá

ákvæði í grein 3.1 í starfsleyfi

Lýsing á fráviki

Staðfestingu flutningsaðila og/eða móttökustöðvar vantar vegna skila spilliefna.

ákvæði í grein 3.3 í starfsleyfi

Grænu bókhaldi vegna ársins 2018 var skilað seint en síðasti skiladagur er 1. maí ár hvert. Ekki mun koma til eftirfylgni og telst fráviku lokað.

ákvæði í grein 41 í rg. nr. 884/2017 um

Rekstraraðili skal tryggja öruggar mengunar-, árekstrar-, eld- og varnir gegn olíumengun frá starfsemi í landi. slysavarnir við rekstur olíugeyma fyrir vinnuvélar sínar. Koma þarf upp árekstrarvörn við geyminn. Ekki væri verra ef geymirinn væri tvöfaldur en ekki krafa um slikt.


ÁBENDINGAR

Athugið að takmarka þarf mengunarhættu eins og völ er á og því æskilegt að fljótandi efnavara standi á lekabyttum eða að lágmarki þekja niðurföll í efnageymslu og hafa ídræg efni við höndina ef efni spillist eða er losað fyrir slysni. Eins er æskilegt að efnavara sem eru í rýmum inni í vinnslunni standi á lekabyttum.

06.01.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Athugasemdir: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.


Gottskálk Friðgeirsson